

# Fígúra, Fígúra

## Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Það er nú á dögum orðið eitt af veigameiri hlutverkum metnaðarfullra listasafna að hafa nokkuð frumkvæði að sýningarhaldi af ýmsu tagi. Með því að hafa samvinnu við listastofnanir víða um lönd til þess að sýna íslenska list erlendis, hefur einnig tekist að fá framandi sýningar hingað til lands. Þetta hefur verið öllum til góða; íslenskir listamenn fá verk sín kynnt í öðrum löndum, þar sem þau kunna að skapa þeim aukinn hróður og markað, og íslenskir listunendur fá tækifæri til að berja augum það sem er að gerast á líðandi stundu í listalífi annarra landa og bera það saman við það sem er í deigluinni hér á landi.


Sýningin „Fígúra, Fígúra“ sem nú stendur yfir í vestursal Kjarvalsstaða, er einn hlekkurinn í slíku samvinnuverkefni listasafna í þremur löndum. Hér hefur verið valið ákveðið meginstef, og síðan fengnir til sex fulltrúar íslenskra listamanna af yngri kynslóðinni (fæddir á bilinu 1950 til 1956), sem eiga það sameiginlegt að hafa í list sinni undanfarnar áratug verið að takast á við manninn og mannlega tilvist með einum eða öðrum hætti. Þetta eru þau Brynhildur Þorgeirsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hulda Hákon, Jón Óskar, Kjartan Ólason og Svala Sigurleifsdóttir.

Sýningin var unnin af Listasafni Reykjavíkur í samvinnu við Listasafnið í Gautaborg, þar sem hún var sett upp í vor, og við Fruitmarket-sýningarsalinn í Edinborg í Skotlandi, þar sem hún stóð yfir í sumar; lokaáfanginn er síðan hér á Kjarvalsstöðum. Á

næsta ári mun ætlunin að hingað komi sýning á stöðu nútímalistar í Skotlandi, sem eins konar svar við þessari sýningu, og þá fá íslenskir listunendur tækifæri til að meta hvað ungrir Skotar eru að fást við þessi árin.

Það er réttilega undirstrikað í formála sýningarskrár, að ekki er hægt að tala um neina sérstaka íslenska hreyfingu í myndlist síðasta áratugar hvað þetta efni varðar, enda ber fjölbreytni sýningarinnar það glögglega með sér. Hér eru á ferðinni verk ólíkra einstaklinga, sem hafa að loknu listnámi hér heima leitað ýmist til Evrópu eða Bandaríkjanna til framhaldsnáms, og í kjölfar þess skapað sér sín eigin vinnubrögð og valið sér sjálfstæð viðfangsefni. Sú staðreynd að þau hafa nýtt sér fígúruna í myndlist sinni er hins vegar ótvírætt andsvar við þeirri hugmyndalist, sem var ríkjandi á námsárum þeirra og afneitandi flestum gildum málverksins og þar með fígúratívri myndlist af öllu tagi. Þannig breytist myndlistin á vissan hátt með hverri kynslóð, og ný viðfangsefni taka við - eða gömul viðfangsefni í nýjum búningi, eftir því hvernig er á málið litið.

Sú myndlist sem hér ber fyrir augu er nefnilega um flest ólík þeirri fígúratívri myndlist, sem fyrri kynslóðir íslenskra listamanna hafa unnið að. Hér eru þjóðfélagslegar deilur fjarri, átök manna í milli eiga sér ekki stað, og formgildin vart í fyrirrími; í þessum verkum verður áhorfandi inn fyrst og fremst var við það sem nefna mátti innhverfu, þar sem persónurnar í myndfletinum leita inn í eigið sálarlíf, en sýna aðeins tótleika eða takmörkuð



Svala Sigurleifsdóttir: Augnæufuglinn og/eða Kjell-Eric Olsen listmálari við verk sitt í New York. Svart/hvít handmáluð ljósmynd, 1984/89.

svipbrigði út á við. Þessi sameiginlegu gildi koma vel í ljós við skoðun sýningarinnar, og eru eitt sterkasta einkenni fígúratívra myndlistar hér á landi nú um stundir.

Ekki þarf að hafa mörg orð um

framlag hvers listamanns fyrir sig, þar sem þeir hafa allir skapað sér góðan orðstír í listalífinu, og ýmis verkanna hér hafa auk þess sést á öðrum sýningum þeirra hér á landi. Verk Jóns Óskars eru stór og yfirþyrmandi, og létt

skrautið gerir hið ópersónulega viðmót andlitsins enn sterkara en fyrr. Myndir Helga Þorgils verða sffelt litríkari og léttari, allt að því dansandi fjörlegar, líkt og „Lífsorkan“ (1992), en bera eftir sem áður með sér þversögnina í hinu fjarræna bliki persónanna. Kjartan Ólason gerir monumental verk, sem minna á hetjur og guði klassískra tíma; titlar og framsetning færa þau hins vegar nær okkur í breyskleika sínum, eins og t.d. „Amnesia“ (Minnisleysi, 1988). Við fyrstu sýn virðist eitið mikill leikur í verkum Huldu Hákon, en einstæðingsskapurinn er það sem stendur eftir við nánari skoðun, t.d. á „Resting in the Grass“ (1992). Handmálaðar ljósmyndir Svölu Sigurleifsdóttur eru oft í æpandi litum, sem breyta myndefninu gjörsamlega, eða þær draga fram ákveðna þætti persónunnar, líkt og „Augnæufuglinn og/eða Kjell-Eric Olsen listmálari við verk sitt í New York“ (1984/89). Dulúðugar kynjaverur Brynhildar Þorgeirsdóttur eru magnaðar tilvisanir í forynjur og náttúruyfyrirbrigði, en tengjast ekki vel því viðfangsefni sem sýningunni í heild virðist ætlað að snúast um, og því ekki alveg ljóst hví þau voru valin með í þennan hóp, þó þau standi ágætlega fyrir sínu í öðru samhengi.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út sýningarskrá með ágætum inngangi Gunnars B. Kvaran, þar sem dregin eru saman helstu einkenni hvers listamanns fyrir sig og þeirra framlags til íslenskrar myndlistar á undanförunum áratug. Verra er að af tólf myndum listafólksins sem eru prentaðar í skránni eru aðeins fjórar á sýningunni hér, og þar af ein þeirra prentuð umsnúin; því getur skráin tæpast talist góð heimild um efni sýningarinnar, þrátt fyrir allt.

Sýningunni „Fígúra, Fígúra“ í vestursal Kjarvalsstaða lýkur sunnudaginn 25. október.

## Abstraktlist Ásmundar Sveinssonar

Ein athyglisverðasta breytingin sem gerð var á húsnæði Kjarvalsstaða í lok sumars varðar miðrymi hússins. Það hafði áður verið nýtt fyrir kaffistofu, þannig að gestir þurftu að ganga framhjá henni til að komast frá aðalinnangi og vestursal að austursalnum, og þannig var hið listræna samhengi sýningarhússins í reynd slitið í sundur í hugum margra sem sóttu staðinn.

Nú hefur þessu verið breytt á þann hátt að ný, afar smekklegr kaffistofa hefur verið sett upp í austurforsal. Þarna hefur verið komið fyrir þægilegri aðstöðu, til hliðar við megin umferðarlínur í húsinu, sem virðist þegar hafa náð miklum vinsældum, ef marka má þá aðsókn, sem þar var á virkum degi í miðri viku þegar undirritaður var á ferð á Kjarvalsstöðum nýlega. Í staðinn hefur opnast stórt rými í miðskipi byggingarinnar, sem nýta má til ýmissa hluta, og virðist henta einkar vel fyrir sýningar á höggmyndalist.


Þetta nýja sýningarrými er vígt með sýningu á abstrakt höggmyndum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Þarna hefur ellefu litlum verkum listamannsins verið komið

fyrir í rýminu, þannig að gestir fá gott tækifæri til að ganga umhverfis verkin og skoða þau frá öllum hliðum. Verkin voru unnin á tuttugu ára tímabili, frá 1951 til 1971, og voru flest hluti af stærri sýningu um abstraktlist Ásmundar Sveinssonar, sem sett var upp í safni hans við Sigtún 1987, en það safn er hluti af Listasafni Reykjavíkur. Þá var gefin út lítil sýningarskrá, sem liggur hér frammi, og ágætur texti Gunnars B. Kvaran um þennan þátt í listferli Ásmundar hefur verið settur upp á vegg í sýningarrýminu, gestum til fróðleiks.

List Ásmundar Sveinssonar er löngu orðin hluti af menningararfi íslensku þjóðarinnar, þó á stundum hafi staðið styr um verk hans meðal þjóðarinnar, einkum þegar þeim var komið fyrir á opinberum stöðum í Reykjavík. Þær deilur eru löngu hljóðnaðar, og þessi verk, þeirra á meðal ýmis abstraktverk, setja óumdeildan svip á umhverfi sitt. Nægir þar að nefna verk eins og „Andlit sólar“ framan við Menntaskólann í Reykjavík, „Í gegnum hljóðmúrinn“ við skrifstofur Flugleiða, og „Rafmagn“ sem stendur við raforkuverin við Sog.

Í texta sínum bendir Gunnar B. Kvaran á að abstraktlist Ásmundar megi skipta í þrjá flokka til einföldunar. Í fyrsta lagi er um að ræða hugtök sem listamaðurinn myndgerir (Rafmagn, Tíminn), síðan sögur sem táknaðar eru með einhverri tilvísun í hlutveruleika formanna (Tristan og Ísold, Lokaráð), og loks verk þar sem allar ytri tilvísanir eru horfnar, og einungis er að finna hugleiðingar listamannsins um efnið, formin, rýmið og línuna (Galdrahjallur, Öldugjálfur, Lífsorka). Þannig má segja að ýmsir þræðir vinni saman í verkum listamannsins, og frásagnarþátturinn sé aldrei langt undan, þó unnið sé með ný efni og form, sem eru um sumt ólík því sem fyrri tímabil í list Ásmundar báru með sér.

Erlendir myndhöggvarar voru farnir að takast á við óhlutbundin verk fyrir á öldinni, og Ásmundur var á vissan hátt að fylgjast með þróuninni í listinni, þó hann hafi verið kominn nær sextugu þegar þetta tímabil hófst, og um áttætt þegar enn ný efni tóku hug hans allan. Þannig sannaðist á óyggjandi hátt, að hér var á ferðinni listamaður sem var frjósamur og skapandi í list sinni svo lengi sem



Ásmundur Sveinsson: Galdrahjallur. 1951, brons.

honum entist starfsorka til.

Þegar hefur verið fjallað um verk Ásmundar á fræðilegum grundvelli, m.a. í texta sýningarskrár, og er ekki miklu við þá umfjöllun að bæta. Þó má benda á að Ásmundur hélt hér áfram þróun sem hafði hafist í ýmsum verkum á fimmta áratugnum. Þá tók rýmið sjálft og tómið í verkunum að gegna miklu hlutverki, jafnframt

því sem þau urðu hringssæri en verið hafði áður; „Galdrahjallur“ (1951) er gott dæmi um verk af þessu tagi. Þegar listamaðurinn tók að vinna með járn gat hann oft notað búta frá járnsmíðjum nær óbreytta til að skapa einföld, en myndrænt sterk myndverk. Hér má nefna verkið „Vængbrotni fuglinn“ (1971) sem listamaðurinn vinnur sjötíu og átta ára gamall. Mörg verkanna á sýningunni eru góð dæmi þess að það þarf ekki alltaf flókna og margbrotna myndbyggingu til að gera góð listaverk, sem virðast mun stærri en hlutföll þeirra gefa til kynna.

Þó allt gott megi segja um Ásmundarsafn við Sigtún, sem hefur verið endurbýgt og bætt á margan hátt, þá er góð tilbreyting að sjá verk Ásmundar í öðru umhverfi. Sýning sem þessi er vel til þess fallin að gefa þeim nýtt líf, um leið og þau hvetja nýja listunendur til að leggja leið sína í Sigtúnið til að kynna fleiri hlíðum á sköpunarferli þessa ötula listamanns, sem segja má að hafi með starfi sínu og kennslu átt drýgstan hlut í að leggja þann grunn sem höggmyndalist hér á landi hefur byggt á til þessa dags. Vonandi verður framhald á skemmtilegum höggmyndasýningum í þessu „nýja“ rými Kjarvalsstaða.

Sýningin á abstraktverkum Ásmundar Sveinssonar í miðskipi Kjarvalsstaða mun standa til 15. nóvember.

Ný

**námskeið  
að hefjast**

Innritun er hafin í sínum  
677799 & 677070

Model mynd er í M.A.A.I.  
Ath.: Auknir möguleikar.

**Stig I:**

Byrjendur, framkoma, hæfni til sýningarstarfa, mannlegi þátturinn, framsögn, tiskusýning, próf.

**Stig II:**

Posur, viðtalsþáttur, auglýsingar, æft fyrir myndavél, æft á palli.

**Stig III:**

Ljósmyndastig.  
Kondor! Eingöngu fyrir þá sem eiga myndamöppu.



MODEL  
**MYND**  
SUÐURLANDSBRAUT 50  
SÍMAR 677799 & 677070

Módelmynd er fyrir alla. Munið fyrirsætuþekkingu, bæði herra og dömu.  
Aldursskipting 7-9 ára, 10-12 ára, 13-14 ára, 15-16 ára, 17-25 ára og 25 ára og eldri.  
Afhending skírteina sunnudaginn 25. okt. kl. 14-18.